

2. gr.

46

13. júlí

Greinatala reglugerðarinnar breytist samkvæmt þessu.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

S A M Þ Y K K T

47

14. júlí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði frá 7. ágúst 1930.

1. gr.

Í stað orðanna „31. ágúst“ í 2. gr. samþykktarinnar komi: 15. september. Í sömu grein falli niður málsgreinin: „En á sama tíma má halda þeim opnum á föstudögum til kl. 9 síðdegis.“

2. gr.

Á eftir orðunum „fridag verzlunarmanna á Ísafirði“ í 3. grein samþykktarinnar sé bætt inn orðunum: sem vera skal fyrsti mánudagur í ágúst.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.